

**FRAMBOÐ Í STJÓRN FRJÁLSA
LÍFEYRISSJÓÐSINS
Á AÐALFUNDI 13 MAÍ 2019**



KATRÍN B. SVERRISDÓTTIR, VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR.

Hér með býð ég mig fram sem aðalmaður til stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins til þriggja ára.

Ég hef átt farsælan starfsferil bæði í stjórnun og rekstri. Ég hef stjórnunareynslu í félögum tengdum fjármálum og fasteignarekstri m.a fyrir dótturfélög Landsbankans og Reginn hf. Tók þátt í hröðum uppbyggingarfasa hjá Reginn hf. Sá um endurfjármögnun og uppbyggingu lánastefnu félagsins. Hef því fjölbreytta reynslu af skuldabréfaútboðum og endurfjármögnun skráðra og óskráðra félaga. Hef sömuleiðis unnið með ýmsa fjármálagerninga varðandi skráningu á markaði. Sem fyrsti regluvörður Regins hf þá sá ég um gerð innherjareglna og mat á innherjaviðskiptum. Sá um samskipti og var tengiliður við Kauphöll og Fjármálaeftirlitið. Öðlaðist reynslu á vinnu stjórnar sem ritari stjórnar skráðs félags, þar sem hlutverk stjórna, skyldur og ábyrgð er mjög skýr bæði hvað varðar lagalega og samfélagslega ábyrgð. Hef tekið þátt í mótun fjárfestingarstefnu og áhættustefnu félags á markaði. Framkvæmdastjóri dótturfélaga Regins þar á meðal Knatthöllin ehf og Kvikmyndahöllin ehf þ.e. Egilshöll þar sem um hefðbundinn rekstur á félagi er um ræða. Tók þátt í sölu á skráðum og óskráðum verðbréfum til lífeyrissjóða í starfi mínu sem verðbréfamiðlari. Hef þekkingu á regluverki og starfsheimildum banka og eftirlitsstofnana. Í starfi mínu hjá Framkvæmdasýslu ríkisins hef ég svo kynnst opinberri stjórnsýslu sem er töluvert frábrugðin rekstri á einkamarkaði.

Reynsla mín og sérþekking tel ég að geti nýst vel hjá stjórn Frjálsa. Lífeyrissjóðurinn stendur á tímamótum núna hvað varðar næstu skref í rekstri sjóðsins og þá stefnu sem stjórnin vill taka í innleiðingu á að gera sjóðinn sjálfstæðari og óháðari einstökum rekstraaðila. Það þarf að vanda þau skref og taka allar ákvarðanir að vel yfirlögðu ráði. Í því skyni hef áhuga á að taka þátt í þeirri vinnu sem stjórnarmaður í Frjálsa lífeyrissjóðnum.

MENNTUN

- | | |
|------|--|
| 1989 | Cand.oecon í viðskiptafræði – Háskóli Íslands |
| 1994 | Próf í verðbréfaviðskiptum – Viðskiptaráðuneytið |
| 2018 | Diploma í viðurkenndum stjórnarmönnum. – Rannsóknarmiðstöðu um stjórnarhætti, HÍ |

STARFSREYNSLA

- | | |
|------------------|---|
| 2019- | Framkvæmdasýsla Ríkisins.
Teymisstjóri greininga og stefnumótunar. |
| 2016-2018 | 101 Ráðgjöf ehf,
Eigandi og framkvæmdastjóri ráðgjafafyrirtækis. Sérfræðiráðgjöf í endurskipulagningu á rekstri og uppbyggingu rekstrar- og fasteignafélaga. Áætlunargerð, fjármögnun og útboðsmál ásamt ráðgjöf í kaup og sölu á fasteignum og fasteignafélögum. |
| 2009-2016 | Reginn fasteignafélag
Framkvæmdastjóri dótturfélaga Regins.
Staðgengill forstjóra.
Regluvörður Regins. |

1998-2009

Landsbankinn.

Viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði í lánamálum stærstu fyrirtækja.
Verðbréfamiðlari á fyrirtækja- og stofnanamarkaði.

NÚVERANDI STJÓRNARSETA.

- 101 Ráðgjöf ehf, stjórnarmaður
- Kolkás ehf, stjórnarmaður
- ALM Verðbréf hf, varamaður
- B38 ehf, varamaður